



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

birgir@ry.is

Selfossi, 7. október 2021
2109101HS SG

Efni: Gaddstaðir - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu

Þann 28. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Gaddstaði í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða breytingu á skilgreindri frístundabyggð í íbúabyggð. Með breytingunni verður frístundasvæðið F63 minnkað um 47 ha og íbúðarbyggðin ÍB16 verður stækkum sem því nemur. Leiðrétting gerð og íbúðarsvæðið ÍB16 fær númerið **ÍB29** þar sem tvö svæði hafa sama númer í gildandi skipulagi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið eru tvö vatnsból sem m.a. þjóna íbúabyggðinni í Þykkvabæ þar sem að auki fer fram umfangsmikil matvælaframleiðsla, bæði frumframleiðsla á kartöflum sem og framleiðsla á ýmiskonar tilbúnum réttum. Mikilvægt er að tryggja öryggi neysluvatns framar öðru. Það er m.a. gert með því að skilgreina vantsvend skv. gildandi lögum og reglum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands dregur í efa að fullnægjandi verndun sé umhverfis vatnsbólin.

Farið er fram á að vatnsvernd verði skilgreind í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni þarf að skilgreina brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skulu verndarsvæði taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins. Vatnsvernd þarf að koma fram á aðalskipulagi og eftir atvikum deiliskipulagi.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri